

I. KAFLI

*Alþingi
Erindi nr. þ 138/656
komudagur 10.12.2009*

1. gr.

Fyrir hönd Bíla og fólks viljum við koma á framfæri þeim sjónarmiðum að afskaplega erfitt er fyrir fyrirtæki í rekstri fólksflutningabifreiða að standa undir þeim álögum sem nú þegar eru á þau lögð. Hækkun á slíkum álögum gerir róðurinn vissulega þyngri. Góðar almenningssamgöngur eru mikilvægar vegna samfélagslegra áhrifa sem og til tekjuöflunar í kringum ferðaþjónustu. Mikilvægt er að stilla álögum á fyrirtæki í þessum rekstri í hóf, sér í lagi í ljósi þeirra erfiðu aðstæðna hvað varðar fjármögnun og rekstur bifreiða sem notaðar eru til almenningssamgangna á þjóðvegum landsins.

Umhugsunarefni er jafnframt sú frekari skekkja sem verður á samkeppnisstöðu fyrirtækja sem hafa bifreiðar á sínum snærum er sinna akstri sem er undanþeginn greiðslu stórs hluta olíugjalds og hinna sem ekki sinna slíkum akstri. Jafnvel þó að, í því strætisvagnaumhverfi sem er við líði í dag, aki strætisvagnar jafnvel á þjóðvegakerfinu þá fá þeir 85% olíugjalds endurgreitt sbr. 6. gr. þessara sömu laga. Þetta teljum við a.m.k. umhugsunarvert.

IV. KAFLI

6. gr.

Hækkun bifreiðagjalds kemur einnig niður á fólksflutningafyrirtækjum. Fara verður varlega þegar auknar álögur á þessa atvinnugrein eru lagðar sbr. ofangreindar ástæður.

F.h. Bíla og fólks ehf.

Drengur Óla Þorsteinsson, markaðsfulltrúi

Óskar Stefánsson, framkvæmdastjóri